



SAMNINGUR MILLI FLUGFÉLAGS ÍSLANDS (FÍ) OG ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDS ÍSLANDS (ÍSÍ)

Gildir frá 13. júní 2012 til 1. júlí 2013

Íþróttafólk á vegum ÍSí, sársambanda ÍSí, íþróttahéraða og einstakra íþróttafélaga, stjórnarmenn og starfsmenn ÍSí, sérstakra samstarfsaðila samþykktu af ÍSí og deilda innan vébanda ÍSí ferðist með Flugfélagi Íslands. Samningurinn gildir ekki fyrir fjölskyldur viðkomandi og ekki fyrir ferðalög íþróttafólks í einkaerindum.

Ef ákvæðum samningsins er ekki fylgt, geta báðir aðilar rift honum fyrirvaralaust og getur Flugfélag Íslands þá rift samningi gagnvart einstökum deildum innan ÍSí. Ef verulegar breytingar verða á gildandi verðlista og flugvallarsköttum þá getur Flugfélag Íslands þurft að breyta ÍSí fargjaldi. Allar verðbreytingar skal Flugfélag Íslands tilkynna ÍSí með mánaðar fyrirvara.

Gegn tilgreindum hlunnindum í samningi þessum hefur Flugfélag Íslands forgang við að flytja ÍSí-félaga innanlands sem og til Færeyja og Grænlands. ÍSí beitir sér fyrir því við erlend íþróttasambönd að þau ferðist með Flugfélagi Íslands á leiðum þess.

Beiðni frá ÍSí verður að fylgja öllum farniðabókunum í tengslum við þennan samning þ.e. flugmiði bókast eingöngu gegn beiðni frá ÍSí og verður beiðni frá ÍSí að berast Flugfélagi Íslands fyrir brottför. Öll viðskipti ÍSí samkvæmt samningi þessum fara fram hjá Flugfélags Íslands í Reykjavík svo og í afgreiðslum Flugfélags Íslands á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum.

Framlag ÍSí

Samkvæmt samningi þessum skuldbindur ÍSí sig til að flytja a.m.k. 4.500 farþega (fram og tilbaka) með Flugfélagi Íslands á samningstímabilinu. ÍSí mun kynna innihald þessa samnings vel fyrir sínum aðilarfélögum.



Fargjöld

Öll meðfylgjandi fargjöld eru með flugvallarsköttum fyrir einnar leiðar flug með venjulegu áætlunarflugi Flugfélags Íslands og miðast við staðgreiðslu. Sér verð er frá Reykjavík og sér verð til Reykjavíkur vegna mismunandi flugvallarskatta. Takmarkað sætaframboð. Safnmiðaréttindi fylgja ekki neðangreindum fargjöldum. Neðangreind fargjöld veita ekki vildarpunkta.

- Öll fargjöld skal greiða við bókun og aðeins má nota farseðilinn á skráð flug. Ef um hóp er að ræða skal hann ferðast saman.
- Einstaklingar og hópar verða að bóka ÍSÍ fargjald með lágmarki 3 daga fyrirvara þ.e.3 dögum fyrir brottför.
- Nafnalisti fyrir hópinn þarf að berast Flugfélagi Íslands minnst 48 klst. fyrir brottför. Ef nafnalisti berst ekki skv. settum fyrirvara áskilur Flugfélag Íslands sér rétt til að taka út bókun hópsins.
- Fargjald er endurgreiðanlegt að frádregnum kr. 1.700.- á hvern fluglegg, fyrir hvern farþega. Einnig þarf að greiða mismun á fargjaldi ef einungis er laust á dýrara fargjaldi.
- Breytingar eru leyfðar gegn kr. 1.700.- breytingargjaldi á hvern fluglegg, fyrir hvern farþega.
- Staðfestingargjald á hópa á hvert bókað sæti er kr.1.700.- á hvert flug (fram og tilbaka) fyrir hvern farþega og er óendurgreiðsluhæft.

Hámarksdvöl er einn mánuður, lágmarksdvöl er engin. Ekki er leyfilegt er að tengja þetta fargjald við önnur fargjöld Flugfélagsins, nema með sérstakri heimild frá félaginu.

Ef aðilarfélag ÍSÍ óskar eftir seinkun á áætlunar flugi fram yfir auglýstan opnunartíma flugvalla greiðist opnunargjald samkvæmt gildandi verðlista Flugfélags Íslands sem er 30.000 kr. pr klst.

Ef ofangreind skilyrði eru ekki uppfyllt borgast venjulegt fargjald skv. verðskrá Flugfélags Íslands.

Fargjöld með flugvallasköttum

	Frá Reykjavík	Til Reykjavík
Akureyri	10.415	10.065
Egilsstaðir	11.625	11.275
Ísafjörður	10.415	10.065
Vopnafjörður	14.705	14.355
Þórshöfn	14.705	14.355
Grimsey	13.275	12.925

Til og Frá Akureyri

Grimsey	7.920
Vopnafjörður	9.460
Þórshöfn	9.460
Egilsstaðir	13.805
Ísafjörður	12.375



Barnafargjöld

Börn yngri en 12 ára greiða 40% af gildandi ÍSÍ fargjaldi á hverjum tíma:

Með flugvsk

Til og Frá Reykjavík	Barnafargjald
Akureyri	6.449
Egilsstaðir	7.175
Ísafjörður	6.449
Vopnafjörður	9.023
Þórshöfn	9.023
Grimsey	8.165

Til og frá Akureyri	
Grimsey	5.162
Vopnafjörður	6.086
Þórshöfn	6.086
Egilsstaðir	8.693
Ísafjörður	7.835

Samningslit og endurnýjun

Samningur þessi er uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Samningsaðilar eru sammála um að eigi síðar en 2 mánuðum áður en samningstími renni út, komi fulltrúar beggja aðila saman til að meta fengna reynslu og leggja drög að endurnýjun samningsins.

Reykjavík, 12.júní 2012

Líney Rút Halldórsdóttir
Framkvæmdastjóri
Íþróttá- og Ólympíussambands Íslands

Arni Gunnarsson
Framkvæmdastjóri
Flugfélag Íslands